# Stjórnarfundur SKÍ

Fundargerð nr. 1639

*Miðvikudagur 24. ágúst 2022 / kl. 16.30 / Rafrænn fundur*

**Efni fundarins:** Sjöundi stjórnarfundur Skíðasambands Íslands (SKÍ) 2021 – 2023.
**Fundarstjóri:** Bjarni Theódór Bjarnason (formaður).
**Fundarritari:** Hugrún Elvarsdóttir.
**Þátttakendur:** Jón Viðar Þorvaldsson framkvæmdastjóri SKÍ, Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Gísli Reynisson gjaldkeri, Hugrún Elvarsdóttir ritari, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinanefndar og Friðbjörn Benediktsson formaður snjóbrettanefndar.
**Fjarverandi:** Jón Egill Sveinsson varaformaður.

*Fundur settur kl. 16.37.*

## Fundardagskrá:

1. Síðasta fundargerð
2. Sumarið og veturinn framundan
3. Skíðaþing SKÍ 2022
4. Samstarf við ÍF um íþróttir fatlaða
5. Alþjóðlegir fundir haustið 2022
6. Önnur mál

## Fundargerð

1. **Síðasta fundargerð.**
    - Ekki allir stjórnarmeðlimir höfðu fengið síðustu fundargerð í tölvupósti svo Hugrún sendir stjórnarmeðlimum nýjan tölvupóst með fundargerðum #1638 og #1639 sem verða teknar fyrir á næsta stjórnarfundi.

2. **Sumarið og veturinn framundan**
    - Jón Viðar fer yfir starfsemi SKÍ í sumar og framundan.
        - <u>Í sumar</u>
            - FIS keppnisleyfi

        - Drög að mótatöflum
        - Samæfingar og undirbúningur verkefna.
        - Uppgjör afrekssjóðs 2021 og fyrri hluta 2022
        - Uppgjör SKÍ 2021
    - <u>Framundan</u>
        - Klára mótatöflur
        - Alþjóðlegir fundir og skíðaþing
        - Uppfærsla á mótakerfi
        - Klára handbók o.fl. tengt heimasíðu
        - HM, EYOF, o.fl. stærri viðburðir
- Gísli óskar eftir því að sjá drögin að mótatöflunni til þess að skoða nánar.
- Jón Viðar tekur fram að landsmót í skíðagöngu, alpagreinum og snjóbrettanefnd eru núna sett á sömu helgi sem er afar óheppilegt varðandi umfjöllun, þátttöku starfsmanna og stjórnarmeðlima SKÍ o.fl.
- Einar tekur fram að hægt sé að færa Skíðagöngumót Íslands (SGMÍ) framar um eina helgi eða til 25-26. mars, sama dagsetning og Unglingameistaramót Íslands (UMÍ) – samþykkt samhljóða.
    - Ármann eini umsækjandinn fyrir að halda UMÍ, enginn sent inn tilnefningu fyrir SGMÍ. Ármann fær þá UMÍ – samþykkt samhljóða.
- Gísli tekur fram að það sé óheppilegt að vera búin með öll mót í byrjun apríl.
- Sigurður fer yfir af hverju val á dagsetningu var svona í alpagreinum en erlend mót, páskar o.fl. spila þar inn í.
- Ákveðið var að færa Snjóbrettamót Íslands (SBÍ) til 15-16. apríl – samþykkt samhljóða.

3. **Skíðaþing SKÍ 2022**
    - **Ákveða dagsetningu**
        - 28-29. Okt
        - 11-12. Nóv
            - Samþykkt samhljóða.
    - **Staðsetning**
        - Tillaga að vera með skíðaþingið fyrir sunnan.

        - Hugrún athugar með sal.
    - **Breytingar á lögum og reglugerðum**
        - Jón Viðar stingur upp á því að breyta lögum um hvenær skal halda skíðaþing. Í lögunum stendur að halda skal skíðaþing í október en nóvember er raunar mun þægilegri fyrir alla aðila, margt að gerast í október – samþykkt samhljóða.
        - Jón Viðar biður stjórnarmeðlimi að skoða lög og reglur og koma með athugasemdir eða tillögur að reglugerðabreytingu ef einhverjar eru 3 vikum fyrir skíðaþing eða í síðasta lagi 21. október.
        - Bikarstig í keppnum, framboð í stjórn og tímafrestur til að sækja um mót gætu verið punktar til að skoða.

4. **Samstarf við ÍF um íþróttir fatlaða**
    - Jón Viðar fer yfir.
    - IPC og FIS hafa náð samkomulagi um að færa alpagreinar, snjóbretti og skíðagöngu fatlaðra frá IPC yfir í FIS.
    - Innan ÍF er í dag einn iðkandi sem er að taka þátt í alþjóðlegum mótum.
    - Hvað þýðir þetta fyrir SKÍ?
        - ÍF óskar eftir samstarfi við SKÍ varðandi starfsemina. Þátttaka í alþjóðlegum mótum og fræðslu og útbreiðslumál.
        - Ekki farið fram á neinn fjárhagslegan styrk. ÍF er með fjármagn sem mun áfram fylgja þessum íþróttagreinum. Þarf hins vegar að móta þetta vel til framtíðar.
    - Einar kemur inn á mikilvægi þess að sjá hversu lengi fjármagnið mun fylgja svo þetta komi ekki niður á ÍF né SKÍ og einnig að hafa verður í huga að þetta mun auka álagið á skrifstofu SKÍ.
    - Jón Viðar tekur fram að það á eftir að útfæra þetta nánar t.d. varðandi úthlutanir úr afrekssjóði.
    - Jón Viðar tekur fram að þetta er stórt mál sem stjórnin þarf að ákveða hvernig skal innleiða þessa nýju grein inn í SKÍ með sem bestum hætti.
    - Gísli tekur fram að mikilvægt er að ganga frá samningi um málið og útfæra alla þætti nánar.

- Jón Viðar tekur fram að næsta skref sé að útbúa drög að samningi og taka fyrir á næsta fundi – samþykkt samhljóða.

5. **Alþjóðlegir fundir haustið 2022**
    - **IBU þing 15-18. september 2022 –** Bjarni fer.
    - **FIS haustfundur í Zurich 27-30. september –** Bjarni, Jón Viðar, Dagbjartur og Einar skráðir.
        - Meðlimur frá ÍF kæmi þá mögulega með.
        - Formönnum nefnda boðið að koma með. Sigurður kemst ekki, spurning um að bjóða öðrum meðlimi alpagreinanefndar með?
        - Friðbjörn gefur Jón Viðari svar næstu daga.
    - **FIS skíðaþing á Íslandi vorið 2024 –** Undirbúningur hafinn. FIS kemur til Íslands í haust og tekur út hótel, fundarsali o.fl.
6. **Önnur mál**
    - Mál tengt skrifstofu SKÍ tekið upp.
    - Bjarni tekur upp mál tengt IBU, vill SKÍ gerast fullgildur meðlimur?

## Næsti fundur

- Rafrænn fundur þann 5. október kl. 16.30.

*Fundi slitið kl. 18.25.*
*Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð*